

## REGLUR um bílastæðagjald byggingaraðila í Reykjavík.

### 1. gr.

Umsækjandi um byggingarleyfi skal á uppdrætti og í byggingarlýsingu gera grein fyrir fyrirkomulagi bílastæða á lóð. Fjöldi þeirra skal vera í samræmi við skipulagsskilmála og reglur um fjölda bíla- og hjólastæða í Reykjavík. Varðandi fjölda og fyrirkomulag bílastæða fyrir fatlaða einstaklinga skal taka mið af ákvæðum byggingarreglugerðar nr. 112/2012. Ef ekki er unnt að koma fyrir á lóð nýbyggingar þeim fjölda bílastæða sem kröfur eru gerðar um í deliskipulagi eða samkvæmt reglum um fjölda bíla- og hjólastæða í Reykjavík, getur sveitarstjórn ákveðið að innheimta bílastæðagjald af hlutaðeigandi lóð skv. 19. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, skv. gjaldskrá um bílastæðagjald. Sama á við ef breytt notkun húsnæðis leiðir til þess að kröfur um bílastæði aukast.

### 2. gr.

Þegar sótt er um leyfi til að fjölga íbúðum í þegar byggðu íbúðarhúsnæði skal ekki krefjast bílastæðagjalds, enda sé ekki um fermetraaukningu að ræða.

### 3. gr.

Ef veitt er heimild til að áfangaskipta uppbyggingu lóðar, skal hver áfangi fyrir sig uppfylla kröfur um fjölda bílastæða, sbr. 1. gr. Ef ekki er unnt að verða við þeirri kröfu er heimilt að innheimta bílastæðagjald fyrir þau stæði sem á vantar, sem endurgreiðist ef bílastæðin verða gerð í síðari áföngum.

### 4. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í 19. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og taka gildi við birtingu.

Með gildistöku þessara reglna falla úr gildi reglur um bílastæðagjald í Reykjavík nr. 440/2016.

*Borgarstjórinn í Reykjavík, 11. mars 2021.*

**Dagur B. Eggertsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 26. mars 2021